

127. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna I. Halldórsdóttir, Bryndís Skúladóttir, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Hafsteinn H. Gunnarsson, Ingvar Halldórsson, Ingbór Guðmundsson og Már Karlsson.

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 25. ágúst 2011 kl. 9:00

Þetta gerðist

1. Verkefni stjórnar

Stjórn skiptir með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Varaformaður: Hafsteinn H. Gunnarsson

Gjaldkeri: Már Karlsson

Ritari: Bryndís Skúladóttir

Stefnt er að því að halda einn fund á tímabilinu utan höfuðborgarsvæðisins.

2. Verkefni vetrarins

Haustferð Fenúr. Ákveðið var að fara norður til Blönduóss og Akureyrar 10 – 11 nóvember. MK athugar með rútu og flug til baka. RIH athugar hjá Sambandi sveitarfélaga og fyrir norðan hvort skörun er við aðra viðburði. Komið við á Sölvabakka við Blönduós og hugsanlega hjá Sero eða öðru fyrirtæki á svæðinu. Kynning á söfnunarkerfi gæti verið samhliða kaffistoppi á Blönduósi/Skagaströnd. GTÓ ræðir við Magnús B. Jónsson á Skagaströnd. Á Akureyri verður stefnt að heimsókn til Moltu og Orkeyjar. Tillögur að dagskrá ráðstefnu voru:

- Gasmál urðunarstaða; Lúðvík Gústafsson og/eða Gunnlaug Einarsdóttir.
- Lífrænn úrgangur: Sigurður Jóhannesson, Samtök sláturleyfishafa og/eða e-r frá Mast/Ust.
- Drög að staðaráætlun: Eiður Guðmundsson og Hafsteinn H. Gunnarsson.
- Nýtt söfnunarkerfi á Akureyri: Helgi Pálsson.

Breytingar á samningi Sorpu og Fenúr eru enn í skoðun. MK og RIH skoða það mál.

Árgjöld ISWA og NAF hafa verið í skoðun. Ekki er hægt að hnika gjöldum til ISWA. Hugsanlega er hægt að lækka gjöld til NAF. RIH setur upp bréf til þeirra.

Samþykkt var að breyta útgáfu FENÚR fréttu í rafrænt fréttabréf. Vísað verður inná nýja vefsíðu FENÚR og þannig stuðlað að aukinni umferð um síðuna. RIH sendir stjórnarmönnum slóðina að nýrri vefsíðu og þeir geta komið með ábendingar. Síðan verður opnuð um leið og hún er tilbúin en formleg opnun verður á haustfundi.

Verið er að fara yfir og leiðrétta félagaskrá og greiðendur árgjalda. Kynning á félaginu til hugsanlegra félagsmanna þarf að vera virk rétt eins og verið hefur fram að þessu.

3. Önnur mál

Rætt um hugsanlegar breytingar á sorphirðu hjá Reykjavíkurborg. Það gæti verið umfjöllunarefni á vorkundi þegar mál hafa skýrst.

Borist hefur boðskort frá RenoSams sem heldur uppá 25 ára afmælið sitt með viðburði 28. september kl. 15 – 17:30. RenoSams er systurfélag Fenúr í Danmörku. Ef einhver er á ferðinni í Kaupmannahöfn er tilvalið að þiggja boðið.

Fundi slitið kl. 10:30

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir